

Hvernig á að nota Bemfola áfylltan lyfjapenna




Munið eftir að:

Pvo hendur

Taka lyfið á sama tíma á hverjum degi


Taka pennann úr kæli 5-10 mínútum fyrir inndælingu

Hlutar pennans




Undirbúið pennann fyrir inndælingu


Dragið hlífina af inndælingarnálinni. Haldið pennanum eins og myndin sýnir til að forðast að ýta á inndælingar hnappinn. **Skrúfaðu nálina á pennann til að hún sitji tryggilega föst.**



Fjarlægjið bæði innri og ytri nálarhlíf. Geymið þá ytri – hana þarf að nota að inndælingu lokinni.




Haldið pennanum þannig að nálin vísi upp. Ýtið inndælingar hnappinum inn þar til hann stöðvast. Virkjunarmerkingin hverfur og vökvi sprautast út úr nálinni (þetta getur virst vera mikið af vökva en er allveg eðlilegt. Ef enginn vökvi sprautast út skal ekki nota pennann – sækið nýjan penna).



Veljið skammt


Snúið inndælingar hnappinum þar til skammturinn sem mælt er fyrir um hefur verið stilltur og sést í skammtaglugganum.

Penninn er nú tilbúinn til notkunar.



Sprautið skammtinum inn


Sprautið skammtinum tafarlaust í fitulag undir húð (oftast í neðri hluta magans) samkvæmt leiðbeiningum læknis eða hjúkrunarfræðings. Takið utan um húðina og stingið nálinni inn. Passið að ýta ekki á inndælingarhnappinn þegar nálinni er stungið í húðina!




Gefið skammtinn með því að ýta inndælingarhnappinum inn þar til hann stöðvast. Í skammtaglugganum sést einungis númer þess skammts sem var gefinn inn en skammtamerkingin sést ekki lengur.

Sleppið takinu á húðinni og bíðið í 5 sekúndur þar til nálin er dregin út.

Eftir inndælingu: Setjið ytri nálarhlífina á nálina og losið hana svo af pennanum. Nálum er hent í nálabox (fæst í apótekum) en tómir pennar mega fara í plastendurvinnslu.



Geymist í kæli (2-8°). Má ekki frjósa. Má taka úr kæli og geyma við stofuhita (allt að 25°) í allt að 3 mánuði innan fyrningardags.



Bemfola 75 IE 0,125 ml	Bemfola 150 IE 0,25 ml	Bemfola 225 IE 0,375 ml	Bemfola 300 IE 0,5 ml	Bemfola 450 IE 0,75 ml
75 IE	150 IE	225 IE	300 IE	450 IE
62,5 IE	137,5 IE	212,5 IE	287,5 IE	425 IE
50 IE	125 IE	200 IE	275 IE	412,5 IE
37,5 IE	112,5 IE	187,5 IE	262,5 IE	400 IE
	100 IE	175 IE	250 IE	375 IE
	87,5 IE	162,5 IE	237,5 IE	350 IE
	75 IE	150 IE	225 IE	337,5 IE
				325 IE
				300 IE

Ítarlegri upplýsingar um lyfið

fást á vefsvæði Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

Finna má ítarlegt kennslmyndband á www.youtube.com

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Gedeon Richter Plc.

Gyömrói út 19-21.

1103 Budapest

Ungarn/Ungern/Unkari/Ungverjaland

Gedeon Richter Nordics AB

Barnhusgatan 22, 113 23 Stockholm, Sweden

Tel: +46 (0)8 611 24 22 • medinfo.se@gedeonrichter.eu

